

LISTIR



Morgunblaðið/Kristinn Ingvarsson

„Heimildarljósmyndun er mín köllun,“ segir Mary Ellen Mark sem sýnir Bandaríkjamyndir sínar á Kjarvalsstöðum.

„En um leið er ég að reyna að sýna bandarískan hversdagsleika, sem er merkilega margleitur og allt að því exótískur“



Hluti af ljósmynd Mary Ellen Mark af Amöndu og Amy frænku hennar. Tekin í Norður-Karólínu árið 1990.



Ljósmynd Mary Ellen Mark af Damm-fjölskyldunni í bílnum sem var jafnframt heimili þeirra í Los Angeles árið 1987.

MARY Ellen Mark hefur starfað á sviði heimildar- og tímaritaljósmyndunar um rúmlega þrjátíu ára skeið. Á þeim tíma hefur hún ferðast heimshlutanna á milli og fangað á filmu andlit sem spanna allt frá þeim frægu til hinna gleymdu. Sjálf segir hún heimildarljósmyndunina vera sína köllun og hafi hún á ferli sínum verið svo lánsöm að geta sinnt henni samhliða daglegum störfum sem tímaritsljósmyndari. „Tími er einstaklega dýr í þessum bransa, og með árunum hefur það reynst mér æ torsóttara að vinna að mínum hugðarefnum. Fjölmíðalandslagið hefur verið að breytast og eru tímarit sem leggja áherslu á vandaðar ljósmyndagreinar hreinlega að verða útdaud. Ég hef starfað sjálfstætt fyrir fjölmörg stór blöð og hér áður fyrir fékk ég regluleg verkefni þar sem ég hafði nægan tíma og listrænt frelsi til þess að vinna vandaðar heimildarljósmyndir á hinum ólíkasta vettvangi. Myndirnar á American Odyssey-sýningunni eru flestar teknar við slík vinnuskilyrði. Nú eru þessi tækifæri æ sjaldgæfari, þar sem fjárfestar og auglýsendur veðja nú orðið fyrst og fremst á dægurbundna stjörnu- og tískuljósmyndun. Ég segi ekki að ég njóti ekki forréttinda í þeim verkefnum sem ég sinni fyrir hin vandadri dagblöð og tímarit, en aðstæður hafa engu að síður breyst bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Ég held til dæmis að ungum og metnaðarfullum ljósmyndurum bjóðist fá tækifæri til að fara út í heimildarljósmyndun eins og staðan er nú.“

Ameríka í þrjá áratugi

Uppistaðan í American Odyssey-sýningunni, sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag í tilefni af Listahátíð í Reykjavík, eru Bandaríkjamyndir Mary Ellen Mark frá tímabilinu 1963 til 1999. Myndaröðin var gefin út í veglegri ljósmyndabók árið 1999, en hefur ferðast sem sýning um Norður-Ameríku og Evrópu frá árinu 2000. Við samsetningu evrópskrar útgáfu sýningarinnar naut Mark ráðgjafar sænska ljósmyndarans Hasse Persson,

Margleitur hversdagurinn

Á Kjarvalsstöðum verður í dag opnuð ljósmyndasýningin American Odyssey, myndaröð frá víðáttum Bandaríkjanna eftir Mary Ellen Mark. Er hún liður í Listahátíð. Heiða Jóhannsdóttir ræddi við þennan virta ljósmyndara og kynnti sér verk hennar.

sem veitir ljósmyndastofnuninni Hasselblad Center í Gautaborg forstöðu. Evrópusýningin gefur að sögn Mark nokkuð breiðari innsýn í verk hennar og er þar m.a. að finna nokkrar portretmyndir sem Mark tók af stjörnu á borð við Woody Allen og Miu Farrow, Marlon Brando og Pamelu Anderson. „Pamelumyndin er nú reyndar orðin að hálfgerðum leiðarbranda („running gag“) hjá okkur Hasse,“ segir Mark og brosir við. „Sú mynd var tekin við þær peningamiðuðu aðstæður sem ég kom inn á áðan, en engu að síður leyfði Pamela mér að ná af sér dálítið sérstakri mynd.“

Ef til vill má segja að umrædd ljósmynd af stjörnunni Pamelu Anderson myndi í senn skarpa andstæðu og samsvörun við hin ráðandi minni í American Odyssey-sýningunni. Þar hefur Mark farið um þau jafnsvæði sem finna má um alla Ameríku og tekið myndir sem endurspeglar sterklega bakgrunn, umhverfi og ef til vill ekki síst hugarfar fólksins. Ef til vill er Pamela Anderson ekki svo langt

frá stúlkum sem sjá má á myndum Mary Ellen Mark þar sem þær máta sig við ímynd hinnar fullorönu og kyngjörðu konu með því að fara í háhælaða skó, mála sig eða reykja sígarettu.

Samband ljósmyndara og viðfangsefnis

„Mér er vissulega umhugað um að sýna hina ógæfusamari og fátækari hlið bandarískis samfélags, og setja mig og þá sem skoða ljósmyndir mínar inn í líf fólks á borð við Damm-fjölskylduna, sem bjó í bílnum sínum þegar ég vann myndaröð um hana í Los Angeles árið 1987,“ segir Mark. „En um leið er ég að reyna að sýna bandarískan hversdagsleika, sem er merkilega margleitur og allt að því exótískur.“ Bent hefur verið á ýmis leiðarmíni í ljósmyndum Mary Ellen Mark. Áhersla á fjölskyldulíf, konur og börn er líklegast eitt sterkasta umfjöllunarefnið. Mary segist enga sérstaka skýringu kunna á því hugðarefni sínu. „Ég held að ég mótist óhjákvæmilega af

reynsluheimi mínum sem kona og kvenljósmyndari. Þó svo að þetta hafi breyst nokkuð voru ekki margar konur sem höfðu tækifæri til að starfa á þeim grunni sem ég komst í snemma á ferlinum. En það að vera kona hefur einnig komið sér vel, þar sem ég hef þurft að ávinna mér traust fólksins sem ég mynda og fá það til að leggja niður varnir sínar að ákveðnu leyti. Ég held að fólk sé óhræddara við að opna heimili sitt fyrir ókunnugri konu en karlmanni, ekki síst í þeim tilfellum sem konur, giftar eða einstæðar, taka þá ákvörðun,“ segir Mary Ellen.

Óhætt er að kynna Mary Ellen Mark sem einn kunnasta heimildarljósmyndara samtímans. Að eigin sögn fór hún að fást við ljósmyndun fyrir hálfgerða tilviljun. Hún lauk námi í listmálun og listasögu við háskólann í Pennsylvaníu árið 1963 og hlaut að því búnu styrk til framhaldsnáms í fjölmíðalandslagi háskólans í Annenberg og ákvað af hendingu að gera ljósmyndun að meginfagi sínu. Skólamyndir Mark úr hinum ýmsu hverfum borgarinnar vöktu hins vegar strax athygli og voru margar birtar í blaði háskólans. Fyrsta ljósmyndaverkefni Mark að loknu námi var styrkt af Fulbright-stofnuninni. Hún ferðaðist til Tyrklands og víðar um Evrópu og tók myndir af mannlífi þar. Þegar í þessum fyrstu myndum Mary Ellen Mark birtust þættir sem verið hafa hennar einkenni síðan. Myndirnar birtu hreinskilnar og alúðlegar myndir af fólki í sínum tilvistaraðstæðum. Á þriggja áratuga ferli sínum hefur Mary Ellen Mark sent frá sér á annan tug ljósmyndabóka og hafa myndir hennar birst í helstu prentmiðlum heims. Þá hefur hún unnið til ótal viðurkenninga fyrir verk sín og nýverið var hún kjörin „áhrifamesti kvenljósmyndari allra tíma“ af lesendum tímaritsins American Photo.

Sýningin American Odyssey verður sem fyrr segir opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, 12. maí, og stendur til 2. júní.

heida@mbl.is

Listrænn heimur einstaklings

„MY name is Porri, but they call me Elvis“ nefnist sýning sem opnuð verður í Gallerí Skugga við Hverfisgötu 39 í dag, sunnudag, milli kl. 14 og 18. Sýningin er nokkuð nýstárleg þar sem hún setur ekki fram einstök listaverk heldur frekar „listrænan heim“ einstaklings, en hún er byggð á ævi og lífsviðhorfum Arnars Þorra Jónssonar, sem lést síðasta sumar eftir baráttu við krabbamein.

Á sýningunni, sem felur í sér safn hluta, ljóða, mynda, tónlistar og texta, er fjallað um listina í lífinu á mjög óhefðbundinn og persónulegan hátt. Velt er upp hugmyndum um það hvernig manneskjan gæðir tilveruna merkingu og hvernig listar tjáning getur birst ekki einungis í „heilsteypum“ fullunnum listaverkum, heldur einnig í þeim ófullgerðu, í hlutum sem hún safnar í kringum sig, í tónlistinni sem hún hefur ástríðu fyrir, í klæðaburði, í tilfallandi póstkortum og ákvörðunum sem hún tekur.

Að sýningunni stendur átta manna hópur, sem unnið hefur að hugmyndamótun og framkvæmd sýningarinnar sem sett er upp á vegum Gallerí Skugga sem lifandi framlag

til þeirrar listahátíðar sem stendur nú yfir í borginni. Hópurinn skipa þau Anna Jóa myndlistarmaður, Davíð Stefánsson ljóðskáld, Hanna Gunnarsdóttir hönnuður og myndlistarmaður, Heiða Jóhannsdóttir bókmenntafræðingur, Magnús Jóhannsson sálfræðingur, Orri Jónsson ljósmyndari og tónlistarmaður og Sigrún Guðmundsdóttir textílhönnuður. Sérstaka ráðgjöf veitti Birgir Andrésson myndlistarmaður.

„Á sýningunni gerum við tilraun til að sýna nokkurs konar mósaikmynd af einstaklingnum Þorra en allt hans daglega líf var mótað af næmu auga fyrir listinni í hversdeginum ef svo má að orði komast,“ segir Anna Jóa.

„Hann safnaði um sig einstöku safni af merkilegum hlutum og er þetta safn sá efniviður sem sýningin er unnin úr. Með framsetningunni veltum við því fyrir okkur hversu sterklega reynsla og saga fólks getur endurspeglast í lífsumgjörðinni sem það skapar sér í daglegu lífi – umgjörð sem situr síðan eftir þegar einstaklingurinn er fallinn frá,“ segir Anna.

„Með sýningunni vörpum við einnig framvangveltum um listræna tjáningu og listskiln-



Morgunblaðið/Ásdís

Anna Jóa vinnur hér að uppsetningu sýningarinnar „My name is Porri, but they call me Elvis,“ í Gallerí Skugga.

ing. Í tilfelli Þorra má sjá glögg tækniframfarir og óræðu samspili þeirra fallugu hluta og listaverka sem hann lifði og hræðist í, og þeirrar tjáningar sem hann sjálfur setti fram í gegn-

um annars vegar val sitt á þessum hlutum, og hins vegar ýmsum tilfallandi listaverkum sem hann skilur eftir sig. Allt þetta skapar listræna heild, brotkennt listaverk eða mósaikmynd sem reynt er að miðla í gegnum sýninguna. Þá hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá, sem Gestur Guðmundsson félagsfræðingur ritar m.a. grein í. Þar líkt og á sýningunni gefur jafnframt að líta nokkur af þeim tilfallandi verkum sem Þorri sjálfur skapaði.“

Anna bætir því við að ef til vill megi skoða sýninguna sem nokkurs konar „einstaklingsbundna listasögu“ þar sem stórkostleg listaverk úr tónlistar-, bókmennta- og kvikmyndasögunni skipi jafnmikilvægan sess og hönnunarstíll 7. áratugarins í Bandaríkjunum, eða hin fágæða fegurð coca-cola-flöskunnar. „Tilfinning fyrir stöðum og umhverfi, og þá ekki síst sjálfum miðbæ Reykjavíkur, var mikilvægur hluti af listrænum heimi Þorra. Leitast verður við að miðla þessari hlið af hugarheimi hans með ljósmyndum, teknum af þeim stöðum sem hann hélt mest upp á. Mörg þeirra fyrirtækja sem Þorri skipti reglulega við, s.s. Safnarabúðin, Fríða frænka, Verslun Guðsteins, Súfistinn, Mokka og Vífilfell, hafa lagt sitt af mörkum til að styrkja sýninguna. Á opnuninni, sem stendur yfir milli kl. 14 og 18, ætlum við að bjóða upp á kók í glerflösku, kaffi eins og Þorri vildi hafa það og kannski dálitinn rauðvinsdreittil,“ segir Anna Jóa að lokum.

Sýningin stendur frá 12. maí til 2. júní. Opnið er milli kl. 13 og 17 frá þriðjudegi til sunnudags.